



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gönguljós á Miklubraut móts við Klambratún/Kjarvalsstaði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gönguljósið á Miklubraut á móts við Klambratún/Kjarvalsstaði verði stillt betur. Þarna myndast gríðarlegar umferðarteppur vegna þess að gönguljósið logar allt of lengi. Vegfarendur er fyrir löngu búnir að þvera Miklubrautina og komnir úr sjónlínu þegar enn logar rautt. Þetta teppir umferðina allt upp í Stigahlíð á móts við gamla Tónabæ og lengra austur. Sami vandi er á móts við HÍ. Þarna vantar snjalljós, flæðiljós til þess að bílar geti ekið af stað þegar vegfarendur eru komnir yfir í stað þess að enn logi rautt á bílaumferð og engin að fara yfir götuna. Þetta er ólíðandi aðstæður fyrir alla svo ekki sé minnst á mengun meðan bílar bíða. Umferðaröngþveiti er djúpstæður vandi í Reykjavík sem er heimagerður vandi. Hægt er að taka af mestu agnúana ef vilji er fyrir hendi

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 17. maí 2023.

Umsögn:

Umferðarljósinn við Klambratún eru stillt þannig að það logar grænt fyrir umferð ökutækja ef enginn gangandi vegfarandi er til staðar. Gönguljósinn hafa ákveðinn glugga innan lotunnar til að verða græn og það gerist aðeins þegar gangandi vegfarendur ýta á hnappinn. Þá fer það eftir hvar í lotunni umferðarljósinn eru stödd, hversu lengi gangandi vegfarendur þurfa að bíða frá því að þeir ýttu á hnappinn þar til þeir fá grænt. Sá tími er allt frá 8 sek til 95 sek, en yfir sólarhringinn er meðalbiðtími fyrir gangandi um 40-50 sek (misjafnt milli daga).

Þegar gönguljósinn verða græn, þá þurfa þau að loga ákveðið lengi, svokallaður lágmarksgræntími, þannig að gangandi vegfarendur komist vel hálf leið yfir áður en rýmingartími hefst. Lágmarksgræntími ræðst af lengd göngubverunar og gönguhraða. Gönguleiðin við Klambratún er 20 m löng og lágmarksgræntíminn er 15 sek. Þegar græna gönguljósið verður rautt, tekur við svokallaður öryggistími, en það er tíminn sem þarf til að leyfa þeim sem lagði af stað á síðustu grænskúndunni að þvera alla leið yfir gatnamótin, áður en annarri umferð er hleypt af stað yfir gatnamótin. Öryggistíminn á gönguljósunum við Klambratún er 21 sek. Þar af leiðandi má segja að göngufasinn taki í heild 36 sek.

Hægt væri að stytta göngufasann um u.þ.b. 10 sek, með því að miða öryggistímann við að gangandi vegfarendur geti aðeins þverað hálf leið út á miðeyju þegar rauða gönguljósið kviknar, í stað alla leið yfir. Þetta myndi kalla á viðbótar umferðarljósastólpa á miðeyju, með gönguljóskerjum og hnappaboxi. Gangandi vegfarendur sem leggja af stað á síðustu grænskúndunni, lenda þ.a.l. á 2,5 m breiðri miðeyju og þurfa að ýta á hnappinn og bíða í



u.þ.b. 60 sek eftir eftir næsta græna gönguljósi, á meðan ökutæki aka sitt hvoru megin við miðeyjuna á allt að 60 km/klst hraða. Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar gerði greiningu á mögulegum fjölda gangandi og hjólandi vegfarenda sem hefðu lent á miðeyjunni ef slíkt fyrirkomulag hefði verið til staðar. Þessir vegfarendur komu að gönguþveruninni á meðan göngufasinn stóð yfir og lögðu af stað á síðustu grænskúndunum gönguljóssins. Skv. talningu fóru 186 manns um gönguljósinn á annatíma árdegis (kl.07:30-09:30) og á annatíma síðdegis fóru 242 manns um gönguljósinn (kl.15:30-17:30). Niðurstöðurnar sýndu að um 12% vegfarendanna hefðu lent á miðeyjunni og þ.a.l. þurft að bíða þar eftir næsta græna ljósi.

Varðandi snjallljós/flæðiljós sem geta veitt grænt á umferð ökutækja þegar síðasti vegfarandinn er kominn yfir gönguljósinn, þá er slíkt ekki ráðlagt út frá umferðaröryggis-sjónarmiðum. Ef slíkur búnaður myndi bila eða gefa falskt merki, gætu afleiðingar orðið slæmar. Hvorki sérfræðingar skrifstofunnar, né innlendir eða erlendir ráðgjafar sem skrifstofan hefur unnið með, hafa mælt með slíkri leið – og í raun hafa allir mælt gegn henni. Ekki er hægt að gefa afslátt af öryggistímanum.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn berst.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri